

## Málefni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2025-2029

Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu (hér eftir SFV) þakka fyrir tækifærið til að veita málinu umsögn. Umsögn SFV er skipulögð á þann hátt að fyrst er farið yfir helstu áherslur í umsögn SFV og svo er farið ítarlegar yfir athugasemdir um einstaka liði fjármálaáætlunarinnar.

### Helstu áherslur í umsögn SFV

- Skoða þarf hvort gert sé ráð fyrir nægilegu fjármagni fyrir árið 2025. Tryggja þarf að fjárveitingar ársins séu nægilegar til að ríkið geti staðið við þjónustusamninga og veitt nægilegu fjármagni til annarar heilbrigðisþjónustu sem fellur undir málefnasviðið.
- SFV fagna því að koma eigi á leigugreiðslum til hjúkrunarheimila. Með fjármálaáætlun þessari er stigið lykilskef til þess. Klára þarf samninga við eldri hjúkrunarheimilin um þær greiðslur og í framhaldi af því bæta við fjárheimildum í fjármálaáætlun ríkisins. SFV þakka heilbrigðisráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra og stjórnvöldum almennt fyrir skrefin sem tekin hafa verið í þessu máli og treysta því að málið verði klárað á farsælan hátt.

## Málefnasvið 25 – Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta

### Heildarútgjöld

Fram kemur í umfjöllun um stefnumótun málefnasviðsins að heildarútgjöld til málefnasviðsins hafi verið 79.851. m.kr., sem eru þá fjárlög að viðbættum fjáráukalögum ársins:

Heildarútgjöld í m.kr.**	Reikningur	Heimildir*	Fjárlög 2024
	2022	2023	
25 Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta	65.121	77.839	79.851
25.10 Hjúkrunar- og dvalarrými	58.398	70.933	72.284
25.20 Endurhæfingarþjónusta	6.723	6.906	7.568

\* Fjárlög að viðbættum fjáráukalögum ársins.

\*\* Eftir atvikum hafa verið gerðar aðlaganir á framsetningu útgjalda ársins í þeim tilfellum sem viðföng hafa verið flutt í heild sinni á milli málefnasviða eða málaflokka.

Um útgjaldaramma næstu 5 ára kemur fram að heildarútgjöld til málaflokksins eru áætluð 80.991 ma.kr. árið 2025 og stefnt að því að þau fari í 91.742 ma.kr. árið 2028.

Útgjaldarammi í m.kr.	Áætlun	Áætlun	Áætlun	Áætlun	Áætlun
	2025	2026	2027	2028	2029
25 Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta	80.991	83.668	87.856	91.572	91.742
þ.a. áætluð framlög í rekstur og tilfærslur	78.415	80.942	84.990	88.576	88.556
þ.a. áætluð framlög í fjárfestingu	2.576	2.726	2.866	2.996	3.186

Hækkun á heildarfjárveitingum til málefnasviðsins frá árinu 2024 til ársins 2025 er úr 79.851 m.kr. í 80.991 m.kr. eða sem nemur 1,4%. Nú er ekki birt nein nánari sundurliðun í áætluninni, sem væri nauðsynlegt svo segja megi nákvæmlega til um hvort að umræddir fjármunir dugi til reksturs þess sem fellur undir málefnaliðinn. Þá vantar líka forsendur varðandi flutning fjármuna milli ára og fleira sem nauðsynlegt er til að geta að fullu metið áhrif áætlunarinnar. Í ljósi þeirrar óvissu viljum við hjá SFV koma á framfæri þeirri spurningu til fjárlaganefndar og stjórnvalda hvort sú hækkun sé nægileg í ljósi eftirfarandi:

- Undir málefnaliðinn fellur rekstur hjúkrunarheimila og er það langstærsti útgjaldaliðurinn. Þar voru á fjárlögum 2024 ætlaðir 46,7 milljarðar til reksturs hjúkrunarheimila sem eru á samningi við Sjúkratryggingar Íslands.
- Í síðustu fjárlögum skorti fjármagn til hjúkrunarheimila vegna svokallaðrar hjúkrunarþyngdar, sem eru sérstakar greiðslur til hjúkrunarheimila vegna umönnunar þess heimilisfólks hvers umönnun felur í sér mestan kostnað. Heilbrigðisráðherra veitti svo aukalegu fjármagni til heimilanna til að lagfæra þetta og þakka samtökin fyrir það. Tryggja þarf í áætluninni að það fjármagn sé til staðar til frambúðar, sem og fjármagn til að mæta aukinni hjúkrunarþörf. Í áætluninni er ekki hægt að sjá hvort svo sé og hvetja samtökin til að fjárlaganefnd og stjórnvöld tryggi þetta fjármagn til framtíðar.
- Hið sama á við um fjárveitingar til hjúkrunarheimila vegna svokallaðs smæðarálags. Það fjármagn fer til minnstu hjúkrunarheimila landsins (oft á landsbyggðinni) og er ætlað til að styrkja rekstur þeirra og vinna gegn innbyggðri rekstraróhagkvæmi sem felst í að reka minni hjúkrunarheimili oft í mikilli fjarlægð frá öðrum hjúkrunarheimilum og heilbrigðisþjónustu. Til að smæðarálagið dugi til þarf að tryggja a.m.k. 500 milljónir árlega í það, og hvetjum við fjárlaganefnd og stjórnvöld til að horfa til þess.
- Samkvæmt þjónustusamningum hjúkrunarheimila skiptist rekstrarkostnaður þeirra 80/20 á milli launakostnaðar og annars rekstrarkostnaðar. Launakostnaður fylgir forsendum fjárlaga hvers árs varðandi launahækkanir til ríkisstarfsmanna í heilbrigðisþjónustu og annar rekstrarkostnaður fylgir almennum verðlagsforsendum fjárlaga.
- Launa- og verðlagsforsendur fjármálaáætlunar eru að verðbólga ársins 2025 verði 3.0%. Ef gert er ráð fyrir 3.5% launahækkunum milli ára þá ættu gróflega reiknað fjárveitingar til hjúkrunarheimila á samningi við SÍ (sem eru rúmur helmingur heildarútgjalda málefnasviðsins) að hækka um 3.4% milli ára.
- Svipuð niðurstaða færst ef nokkrir af öðrum stærstu útgjaldaliðum málefnasviðsins eru skoðaðir:
- Reykjalundur:
  - 2,5 milljarða fjárveiting á síðasta ári
  - Rekstrarkostnaður skiptist 83/17 á milli launakostnaðar og annars rekstrarkostnaðar
  - Sambærilegur útreikningur og fyrir hjúkrunarheimilin hér að ofan myndi þýða 3,42% hækkun útgjalda á milli ára
- SÁÁ
  - 1,4 milljarða fjárveiting á síðasta ári

- Rekstrarkostnaður skiptist 70/30 á milli launakostnaðar og annars rekstrarkostnaðar
- Sambærilegur útreikningur og fyrir hjúkrunarheimilin hér að ofan myndi þýða 3,35% hækkun útgjalda á milli ára
- Heilsustofnun NLFÍ
  - 1,1 milljarða fjárveiting á síðasta ári
  - Rekstrarkostnaður skiptist 74/26 á milli launakostnaðar og annars rekstrarkostnaðar
  - Sambærilegur útreikningur og fyrir hjúkrunarheimilin hér að ofan myndi þýða 3,37% hækkun útgjalda á milli ára
- Í ljósi ofangreinds þá óskum við virðingarfyllst eftir því að fjárlaganefnd og stjórnvöld skoði hvort gert sé ráð fyrir nægilegu fjármagni til að standa við þjónustusamninga þá sem undir málefnasviðið falla og hvort nægt fjármagn sé tryggt til þeirra þjónustuaðila sem fá fjármagn undir þessum málefnið en eru ekki á þjónustusamning.
  - Auk ofangreindra aðila er einnig um að ræða dagdvalir, Heilsuvernd-Vífilstaði, Sóltún, Alzheimersamtökin (Seiglan), Kjark endurhæfingu, Samhjálp og Hlein.

## Nýtt fyrirkomulag um húsnæðismál hjúkrunarheimila – Rammagrein 6

SFV og rekstraraðilar hjúkrunarheimila hafa árum saman talað fyrir því að komið verði á leigugreiðslum fyrir það húsnæði sem rekstraraðilar koma með inn í þjónustu hjúkrunarheimilanna. Sjónarmið okkar hefur verið að það sé algerlega nauðsynlegt til að mögulegt sé að halda húsnæði hjúkrunarheimilanna almennilega við og tryggja þannig fullnægjandi þjónustu við heimilisfólkið.

Þá hefur skortur á greiðslum frá hinu opinbera vegna húsnæðis hjúkrunarheimila verið stór hindrun á uppbyggingu nýrra hjúkrunarheimila. Það má með sanni segja að þetta tiltekna mál hafi verið stærsta vandamálið í öllum rekstri hjúkrunarheimila.

Það er því mikið ánægjuefni að með fjármálaáætlun þessari sé fyrsta skrefið tekið í að koma í framkvæmd þeirri góðu stefnu sem mótuð var með sameiginlegri skýrslu fjármála- og efnahagsráðuneytisins og heilbrigðisráðuneytisins um nýtt fyrirkomulag húsnæðismála hjúkrunarheimila. Fram kemur í áætluninni að „Tekið verði upp staðlað fyrirkomulag þar sem greidd er leiga í formi nýs húsnæðisgjalds fyrir afnot af rýmum undir eiginlega hjúkrunarstarfsemi.“. **Þetta er algert lykilmál og mikil framför.** Við hjá SFV viljum koma á framfæri þökkum til heilbrigðisráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra og stjórnvalda í heild fyrir þá góðu stefnu og þetta mikilvæga skref.

Fram kemur í áætluninni að á „tímabili fjármálaáætlunarinnar er gert ráð fyrir að byrjað verði að greiða samkvæmt nýju fyrirkomulagi fyrir samtals 792 hjúkrunarými þar af eru 635 ný rými sem staðsett eru bæði á nýjum og eldri hjúkrunarheimilum.“. Í því samhengi vilja samtökin minna á mikilvægi þess að öllum hjúkrunarrýmum verði komið inn í nýtt fyrirkomulag, ekki

einungis nýjum hjúkrunarrýmum. Það er ákaflega mikilvægt svo tryggja megi að jafnræði sé í þjónustu við allt heimilisfólk hjúkrunarheimila landsins (sem eru rúmlega 2800).

Í skýrslu ráðuneytanna kemur fram sá kostur að ganga til viðræðna við SFV um ramma í kringum leigusamninga við eldri hjúkrunarheimili. Í skýrslunni kemur einnig fram að ætlunin sé að ljúka leigusamningum við rekstraraðila eldri hjúkrunarheimila innan tveggja ára. Samtökin og hjúkrunarheimilin fagna því að það sé ætlunin og treysta því að þegar þeir samningar verða kláraðir verði fjármálaáætlun ríkisins uppfærð í samræmi við þá samninga. Þessi fjármálaáætlun innifelur ekki fjármagn til þess, en SFV treysta því að það muni breytast um leið og samningar klárast.

### **Þjónustusamningar dagdvala**

Fram kemur í umfjöllun um áherslur málefnasviðsins að framtíðarsýn þess sé „að einstaklingar í þörf fyrir hjúkrunar- og endurhæfingarþjónustu njóti öruggrar, aðgengilegrar og hagkvæmrar heilbrigðisþjónustu á réttu þjónustustig“. SFV taka undir þessar áherslur og er mat samtakanna að mikill árangur hafi náðst undanfarin ár við að efla ýmsa þjónustu sem fellur undir málefnasviðið. Þar nefna samtökin sérstaklega hjúkrunarheimilin en í framhaldi af síðasta þjónustusamning þeirra hefur náðst árangur við að bæta rekstur þeirra og mikilvæg samvinnuverkefni stjórnvalda og SFV hafa verið í fullum gangi um úrbætur á bæði rekstri og þjónustu.

Undir málefnasviðið falla allar dagdvalir landsins; Almennar dagdvalir, almennar sérhæfðar dagdvalir, dagdvalir með sérhæfðri endurhæfingu, dagdvalir fyrir einstaklinga með heilabilun og sveigjanlegar dagdvalir. Starfsumhverfi þeirra í dag er þannig að þær eru ekki með þjónustusamning við Sjúkratryggingar um starfsemi sína. Það veldur mikilli óvissu um rekstur þeirra og er stærsta hindrunin við framfarir og þróun í þeirra starfsemi.

Fram kemur einnig í áætluninni að mikilvægt sé að „allir veitendur endurhæfingarþjónustu séu með samning um veitingu þjónustunnar við Sjúkratryggingar Íslands til að tryggja jafnræði meðal ólíkra þjónustuveitenda“. Sama sjónarmið á einnig við um dagdvalir landsins, rekstraraðila þeirra og þjónustuþega. Því hvetja SFV til að farið verði í samningaviðræður við samtökin um þjónustusamninga fyrir dagdvalir landsins.

### **Fjárveitingar til endurhæfingarþjónustu**

Fram kemur í umfjöllun um áhættuþætti er varða málefnaflokk 25.2 að „ tryggja þarf fjármagn til að mæta áætlaðri aukningu eftirspurnar vegna fjölgunar í endurhæfingarþjónustu samhliða öldrun þjóðarinnar svo hægt sé að veita öflugra endurhæfingarþjónustu til þeirra sem þurfa á henni að halda“. SFV taka heils hugar undir þetta og hvetja til að fjárlaganefnd og stjórnvöld horfi til þess að svara þessari áskorun. Það er svo sannarlega tækifæri til að efla endurhæfingarþjónustu hérlendis – en til þess þurfa þjónustuveitendur aukið fjármagn svo hægt sé að fjölga þjónustuþegum og efla þjónustuna almennt.

## **Fjárfestingar í velferðartækni**

Nú þarf ekki að fara mörgum orðum um þá tæknibyltingu sem stendur yfir og möguleika hennar til að bæta rekstur og gæði heilbrigðisþjónustu. Allt frá gervigreind til róbóta býður upp á mikla möguleika fyrir hjúkrunar- og endurhæfingarþjónustu. Aðildarfélög SFV hafa nú þegar hafið þá vegferð að auka nýtingu á velferðartækni, en til þess að það sé mögulegt á stórum skala, þá hvetjum við til að stjórnvöld veiti fjármagni til átaks í innleiðingu velferðartækni í hjúkrunar- og endurhæfingarþjónustu. Þar sjá samtökin t.d. fyrir sér sérstakan sjóð sem þjónustuaðilar gætu sótt í til að fjármagna fjárfestingar sem hafa í för með sér betri þjónustu og lægri rekstrarkostnað.

SFV þakka fyrir tækifærið til að veita umsögn um fjármálaáætlunina og óska virðingarfyllst eftir tækifæri til að funda með fjárlaganefnd um hana.

Fyrir hönd Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu

Sigurjón Norberg Kjærnested, framkvæmdastjóri